

TILMÆLI TIL SÁLAREIGENDA

Sál þína
skyldir þú varast að skilja eftir á glámbekk
því einhver gæti gengið hjá
og hugsað:
Þessi er girnileg,
mátað hana við sig
eins og hvern annan fylgihlut
og skilið hana svo eftir
rifna, krumpaða og skítuga.
En sál þín er ekki hattur, trefill eða taska
ekki göngustafur
sem jaska má út að vild
hún er jurt sem þarfnast alúðar
-fíngerður gróður
í hrjóstrugum heimi.